

Ed.

23. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

1. Á eftir B. 41 í 2. gr. laganna komi nýr liður, er orðist svo:  
*Tröllatunguvegur*: Frá Gautsdalsvegi um Tröllatungu á Strandaveg.
2. B. 42 í sömu lagagr. orðist svo:  
*Reykholavegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn um Reykhóla að Laugarlandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum um Hofstaði að Hlíð.
3. Í stað orðanna „og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi“ í B. 43 í sömu lagagr. komi: Kollafjörð, Klettsháls, Þingmannaheiði að Brjánslæk á Barðaströnd.
4. Á eftir B. 43 komi nýr liður, er orðist svo:  
*Fjarðarhlíðarvegur*: Frá Gufudalsvegi við Vattarfjörð að Firði á Skálmarnesi.
5. Í stað orðanna „að Bakka“ í B. 64 í sömu lagagr. komi: að Selárdal.
6. Í stað orðanna „að Fossi“ í B. 65 í sömu lagagr. komi: að Reykjarfirði.
7. Á eftir B. 65 komi nýr töluliður, er orðist svo:  
*Fossheiðarvegur*: Frá Fossi í Suðurfjarðahreppi á Barðastrandarveg.
8. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ í B. 66 í sömu lagagr. komi: að Sellátrum og af Bildudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Suðureyri.
9. Á eftir B. 67 í sömu lagagr. komi nýr töluliður er orðist svo:  
*Siglunesvegur*: Frá Haukabergi að Siglunesi.
10. Á eftir B. 68 í sömu lagagr. komi nýr töluliður, er orðist svo:  
*Melanesvegur*: Af Rauðasandsvegi að Melanesi.
11. Á eftir B. 69 í sömu lagagr. komi nýr töluliður, er orðist svo:  
*Útvíkurvegur*: Frá Gjögri um Útvíkur að Breiðavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem lagt er til með frv. þessu, að gerðar verði á vegalögum, voru flestar bornar fram á síðasta þingi, en náðu þá ekki fram að ganga. Ber brýna nauðsyn til þess að taka nú þegar flesta þessa vegakafla inn í þjóðvegakerfið. Því er mál þetta borið fram á ný nú og þess vænzt, að það nái fram að ganga.